

**67. fundur Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði,
fimmtudaginn 15. mars 2012 og hófst hann kl. 10:00**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Kristrún Guðjónsdóttir (KG), Trausti Þór Sverrisson, Hafdís Jónsdóttir,

Fundargerð ritaði: Birna S. Benediktsdóttir, Aðalmaður

Kristín Brynja Gunnarsdóttir, boðaði forföll.

Dagskrá:

1. **1109084 - Haustskýrsla grunnskóladeildar Tálknafjarðarskóla**
Haustskýrslan lögð fram til samþykktar og hún samþykkt einróma.
2. **0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra**
Nýr hjúkrunarfræðingur, Hrefna Henny Vikingur, hefur tekið til starfa og sinnir fræðslu um heilsuvernd á næstunni. HPV-bólusetning, forvörn gegn leghálskrabbameini fyrir stúlkur í 8.bekk, er hafin. Hrefna Henny fræðir alla nemendur skólans í samræmi við áherslur í skólansámskrá fyrir hvern og einn aldursþóp.

Alþjóðleg rannsókn á færni 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði (PISA, Programme for International Student Assessment) stendur yfir í mars og fór hér fram 8. mars. Prófandi frá Námsmatsstofnun tók sérstaklega fram hve þrúðir nemendur voru og samvinnuþýðir.

Erlendir gestir, þátttakendur í Comeniusarverkefninu, verða hér á landi 17.-24. maí, byrja heimsókn syðra með nemendum okkar, sem taka á móti þeim, en koma vestur sunnudag 20. maí að öllu forfallalaus.

Sótt hefur verið um Grænfánann í 4. skipti, til ársins 2014. Jafnframt leggjum við inn verkefni í samkeppnina Varðliðar umhverfisins, kynningargögn nemenda í Comeniusarverkefninu um orkusparnað og hagkvæma nýtingu vistvænnar orku á Íslandi.

Undirbúningi árshátíðar miðar vel áfram en umsjón að þessu sinni er í höndum heimafélks.

Fjallað var um stefnu og þarfir sameinaðs skóla á starfsmannafundi 6. mars og kynnt efni skólaþings 11. febrúar. Rætt var um næstu skref í stefnumótunarvinnunni og jafnframt bent á að gott væri að fá aðstoð við að greina þarfir skóla sem hýsa á leik- og grunnskóla á einum stað. Þess vegna væri starfsmönnum Hjallastefnunnar boðið að koma í heimsókn, kynna sér staðhætti og gefa góð ráð. Heimsókn þeirra yrði mánudag 26. mars.

TPS kynnti einnig á þessum fundi sameiginlegt skólaverkefni síðari hluta maímánaðar um áttþaga sem væri vel til þess fallið að þetta raðir starfsmanna og efla skólabraginn. Ákveðið hefði verið að leik- og grunnskóli starfi saman sem ein heild í þessu verkefni. Hluti af því verður að hlaða fjórar skólavörður meðfram

göngustígnum milli þorps og eyrar, eina fyrir hvert gildi sem við veljum skólanum. Leikskólinn mun velja eitt gildi og hlaða eina vörðu, sama á við 1.-5. bekk, 6.-8. bekk og 9.-10. bekk. Virkja þarf alla, nemendur, starfsfólk og heimili í þessu starfi. Upplýsingaskilti verða sett upp hjá vörðunum með lýsingu á því hvernig gildin birtast í skólasterfinu.

TPS greindi frá hugmyndum sem hann hefði kynnt á síðasta kennarafundi, um að Tálknafjarðarskóli yrði heilsueflandi skóli, skólinn tæki þátt í skólaverkefni Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF og að skólinn taki á næsta skólaári þátt í skólaverkefni Landsbyggðarvina, Heimabyggðin mín - nýsköpun, heilbrigði, forvarnir. Vel var tekið í þessar hugmyndir og verður þeim hrint í framkvæmd.

TPS sagði frá því að nokkur stærri verkefni væru í vinnslu, þ.m.t. Skrifleg áætlun um heilbrigði og öryggi á vinnustað (nær lokið), innra mat sem hluti vinnu við skólafundum (stöðumat með hliðsjón af grunnlínugögnum sem notuð voru við mótun Framtíðarsýnar um grunnskólann til 2020), stöðulýsing nemenda og skjalafrágangur.

3. 1001015 - Önnur mál

Guðlaug fór yfir tölvupósta sem borist hafa. Rætt var um dag leikskólans en hann var ekki haldin hér á á Tálknafirði. Trausti sagði að samkvæmt tölum frá Hagstofunni séu kennarar sem ekki eru með kennsluréttindi ca 4% yfir landið. Rædd voru hinar ýmsu hugmyndir sem upp komu og eru á döfnni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____